

fallist en 1. mgr. 78. gr. eigi við um málsefnið. Eftir orðalagi ákvæðisins er það óundanþægt, og samkvæmt skýringum Hæstaréttar í dómi í XLI. bindi, bls. 297, á 81. gr. laga 85/1936 hér ekki við. Skiptir því ekki máli yfirlýsing aðilja um, að þeir séu því sammála, að málið skuli rekið fyrir bæjarþingi Reykjavíkur. Það verður því niðurstaða máls þessa, að vísa eigi því frá dómi ex officio. Hver aðilja skal bera sinn kostnað af málinu.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi ex officio.

Fimmtudaginn 2. júní 1977.

Nr. 61/1977. **Iðnvélar h/f**
 gegn
Stálvirkjanum h/f.

Kærumál. Lausnargerð úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Benedikt Sigurjónsson og Björn Sveinbjörnsson.

Sóknaraðili hefur skotið málinu til Hæstaréttar með kæru 12. apríl 1977, sem barst Hæstarétti 19. s. m. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og varnaraðilja dæmt að greiða kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Kæra máls þessa er heimil samkvæmt 5. mgr. 25. gr. laga nr. 18/1949.

Hinn 2. nóvember 1976 var tekin fyrir í fúgetarétti Reykjavíkur beiðni sóknaraðilja um kyrrsetningu á eignum varnaraðilja til tryggingar skuld varnaraðilja við hann. Í þingbók er skráð: „Samkv. kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og

ábendingu mættis lýsti fógeti yfir löghaldi í eign gerðarpóla: Torrent rennibekk, í gömlum rennibekk, vélsög, Taunus bifreið, árgerð 1970, R 38610 og sumarbústað í Vaðneslandi í Grímsnesi, sem er eign gerðarpóla. Gerðinni verður haldið áfram og lokið á þeirri eign. . . . Gerðinni frestað.“

Í greinargerð sóknaraðilja segir, að þess hafi verið óskað, að sýslumaðurinn í Árnassýslu héldi áfram kyrrsetningargerðinni, en af því hefur enn eigi orðið. Þá segir þar, að staðfestingarmál vegna kyrrsetningarinnar hafi verið þingfest 26. nóvember 1976, en því máli sé enn eigi lokið.

Hinn 24. mars 1977 fór varnaraðili þess á leit, að kyrrsetningin á sumarbústaðnum yrði felld niður, enda setti hann hæfilega tryggingu í hennar stað. Með hinum kærða úrskurði leysir fógeti kyrrsetningu af fyrrgreindum sumarbústað gegn sjálfsvörsluveði í nánar tilgreindu lausafé varnaraðilja.

Samkvæmt því, sem skráð var í fógetabók 2. nóvember 1976, verður ekki talið, að framangreindur sumarbústaður varnaraðilja hafi verið kyrrsettur í því þinghaldi. Af gögnum máls verður ekki ráðið, að gerðin hafi síðar verið til lykta leidd. Þar sem nefndur sumarbústaður hefur samkvæmt þessu ekki verið kyrrsettur, gat eigi komið til lausnargerðar að því er hann varðar. Verður því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

Eftir atvikum er rétt, að kærumálskostnaður falli niður.

Það athugast, að eigi verður séð, að lausafé það, sem varnaraðili bauð fram til tryggingar, hafi verið metið til fjár af Öryggiseftirliti ríkisins, svo sem í hinum kærða úrskurði segir.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 1. apríl 1977.

Þann 2. nóvember sl. var gert löghald m. a. í sumarbústað Stál-virkjans h/f, Skeifunni 5, Reykjavík, til tryggingar greiðslu

meintrar skuldar þess fyrirtækis við Iðnvélar h/f, Hafnarfirði, að upphæð ca kr. 4 milljónir auk vaxta og kostnaðar.

Með beiðni, er lögð var fram í fógetarétti Reykjavíkur þann 28. mars sl. fór gerðarþoli fram á niðurfellingu umræddrar kyrrsetningar gegn því að setja nægilega tryggingu skv. heimild í 13. gr. laga nr. 18/1949.

Trygging sú, er gerðarþoli býður fram, er I. veðréttur í vélum gerðarpóla, sem geymdar eru í Borgarnesi, en þær eru Wilhelm Breitenboch önglavél, Junker hersluofn, Junker gasofn, Junker afglódunarofn, tvær Komschulte rafhúðunarvélar með spennni og 5 kerum, hreinsitromla og pökkunarvél.

Lögð hefur verið fram í réttinum matsgerð Öryggiseftirlits ríkisins frá 16. febrúar sl. Þar eru umræddar vélar metnar á kr. 17.170.000 á söluverði.

Gerðarþoli telur veð þetta ekki lakari tryggingu fyrir löghaldskröfunum en greindur sumarbústaður og bendir auk þess á, að hann sé reistur á landi, sem gerðarþoli hafi ekki umráð yfir, hvorki eignarrétt né leigurétt.

Gerðarbeiðandi hefur skilað greinargerð í málinu, þar sem hann hefur gert þær réttarkröfur, að synjað verði um umbeðna lausnargerð og sér verði dæmdur málskostnaður að mati fógeta.

Gerðarbeiðandi mótmælir því algerlega, að vélar þessar séu nokkurs virði, og heldur því fram, að þær séu 15—20 ára gamlar, úreltar og ónýtar og geti ekki selst fyrir nokkurt verð á uppboði.

Hann kveðst hafa talið sig hafa einnig löghaldsrétt í lóðaréttindum umrædds sumarbústaðar. Ef svo sé ekki, telur hann augljóst, að löghaldskrafa sín sé ekki nægilega tryggð, og gerir þær kröfur, að löghaldsgerðinni frá 2. nóvember verði nú haldið áfram í öðrum eignum gerðarpóla, til að kröfur sínar séu að fullu tryggðar.

Í 13. gr. laga nr. 18/1949 eru ákvæði um, að trygging af hálfu gerðarpóla afstýri löghaldi og jafnskjótt sem nægileg trygging sé fram boðin, skuli fella niður þegar gert löghald. Reiðufé, veð eða ábyrgð eru meðal þess, sem metið er gild trygging, ef verðgildið er nægilegt. Í 12. gr. sömu laga, 2. mgr., segir, að fógeti meti eða láti meta tryggingu, ef með þurfi.

Af greinum þessum þykir mega álykta, að ákvæði 4. gr. sömu laga um virðingar votta og virðingarmanna gildi ekki um mat á tryggingu af hálfu gerðarpóla.

Hefur fógeti því frjálssar hendur um, hvernig hann hagar mati þessu.

Nú liggur frammi í réttinum matsgerð á vélum í eigu gerðarpóla frá Öryggiseftirliti ríkisins, dagsett 16. febrúar 1977, en hún er gerð fyrir Iðnlánasjóð í Reykjavík. 1. veðréttur véla þessara er boðinn fram af hálfu gerðarpóla sem trygging, en vélarnar allar eru metnar á kr. 17.170.000. Löghaldskröfurnar eru ca 5 milljónir, en auk umrædds sumarbústaðar er löghald í tveimur rennibekkjum, vélsög og bifreið fyrir sömu kröfum, þannig að ásamt löghaldi í þessum hlutum verður að telja 1. veðrétt í þessum vélum nægilega tryggingu.

Krafa gerðarbeiðanda um málskostnað er ekki tekin til greina.

Ólafur Sigurgeirsson, fulltrúi yfirborgarfégeta, kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Umbeðin lausnargerð skal ná fram að ganga gegn 1. veðréttartryggingu í Wilhelm Breitenboch önglavél, Junker hersluofni, Junker gasofni, Junker afglóðunarofni, tveimur Kompschulte rafhúðunarvélum með spennni og 5 kerjum, hreinsitromlu og pökkunarvél, sem allar eru í Borgarnesi í eigu gerðarpóla, allt á hans ábyrgð.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 3. júní 1977.

Nr. 202/1976. **Ármannsfell h/f**

gegn

Tollstjóranum í Reykjavík.

Synjað um frest. Mál fellt niður.

Úrskurður Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson.

Er mál þetta kom fyrir dóm hinn 1. þ. m., óskaði áfrýjandi eftir fresti í málinu til októbermánaðar næstkomandi til að ljúka gerð ágríps og ganga frá greinargerð. Til vara krefst